



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

GRTE1FB05

Grunnteikning 2

Kennari	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI
----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: Flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútflatninga og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda og myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina. Þjálfist í lestri og gerð vinnuteikninga, fríhendisrissteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.

Undanfari: GRTE1FA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Nákvæmni og vandvirkni
- Lestri teikninga
- Gerð vinnuteikninga
- Gerð flatarmynda
- Gerða útflatninga
- Gerð fríhendisrissteikninga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja teikniáhöld
- Velja línugerð
- Velja tákn
- Vinna fallmyndir
- Vinna útflatninga
- Vinna þrívíðar myndir
- Allt samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis

Námsefni:

GRUNNTEIKNING II, (Mappa með teikniverkefnum og skýringum)

T - reglustrika 40 sm

Teiknihorn 45° og 60°

Sirkill

Línuveiðari

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5mm eða 2 mm, 2H og 4H

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. **Skila skal vikuáætlun í lok hvernar viku.** Kennari kvittar í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu og gefur símatseinkunn í Innu fyrir hverja viku, sem og sérverkefni (skilaverkefni/próf).

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	GRTE1FB05 – Verkefni vor 2025	
1. vika 12.- 18. jan	Kynning	Kennsla hefst mið. 15.
2. vika 19.-25. jan	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7	Flatarteikning:
3. vika 26.- 1. feb	Verkefni 8, 9, 10, 11, 12, 13	
4. vika 2.-8. feb	Verkefni 14, 15, 16, 17, 18, 19	Skilaverkefni 1- nr. 16

5. vika 9.- 15. feb	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6	Fallmyndun 2 og útflatningsmyndun
6. vika 16.-22. feb	Verkefni 7, 8, 9 10, 12	
7. vika 23.-1. mars	Verkefni 13, 14, 15, 16, 17, 18	Skilaverkefni 2- nr. 17, miðannarmat 28.
8. vika 2.- 8. mars	Verkefni 19, 20, 21, 22	Áfangamessa 5.
9. vika 9.-15. mars	Verkefni 23, 24, 25	Valdagur 12.
10. vika 16.-22. mars	Verkefni 26, 29	Kátir dagar/Flóafár 19.-21.
11. vika 23.-29. mars	Verkefni 30, 32, 35	Skilaverkefni 3 - nr. 32
12. vika 30.-5. apríl	Fríhendisteikning: Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11	
13. vika 6.-12. apríl	Verkefni 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18	Skilaverkefni 4 - nr. 18
14. vika 13.-19. apríl	Páskafri	
15. vika 20.-26. apríl	Verkefni 19, 20, 21, 22	.
16. vika 27.-3. maí	Verkefni 23, 24, 25, 26, 27	
17. vika 4.-10. maí	Verkefni 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34	Skilaverkefni 5 - nr. 30, Dimisjón fös 9.
18. vika 11.-17. maí	Verkefni 35, 36, 37, 38, 39	Klára möppu, Síðasti kennsludagur fim 15., námsmat
19. vika 18.-24. maí	Sjúkrapróf 20., prófsýning 21., brautskráning mið. 28.	

Sérreglur áfangans

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum skilaverkefnum /prófum og einnig öllum vikuáætlunum möppunnar. **Sein skil geta orsakað lægri einkunn. Einkunn lækkar um einn fyrir hverja viku sem líður. Þó er í lagi að skila í fyrsta tíma í næstu viku á eftir áætlaðan skiladag.**

Fyrirkomulag námsmats: (nákvæmni og vandvirkni vegur þungt)

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina, sjá áætlun	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu 8. janúar 2025
Svanur Ingvarsson